# Bætt loftgæði fyrir borgarbúa

Margrét M. Norðdahl og Hilmar Sigurðsson

Hverfisráði Hlíða

# Eitt og annað úr Hlíðum
# 1997 - 2010

Hilmar Sigurðsson

# Íbúar hafa lengi viðrað áhyggjur sínar af loft- og hljóðmengun

- 2.030 manns „þjakaðir“ af umferðarhávaða
  - Morgunblaðið 18. janúar 1997
- 261 býr við „óásættanleg skilyrði vegna loftmengunar
  - Morgunblaðið 18. janúar 1997
- Íbúar við Miklubraut stöðvuðu umferð á háannatíma í gær
  - Morgunblaðið 24. maí 1997






# Íbúar stofna Íbúasamtök 3. hverfis 2005

- Sameinum Hlíðarnar 2005
  - Áskorun um Miklubraut í stokk
- Íbúasamtök 3. hverfis – Hlíðar, Holt og Norðurmýri stofnuð nóvember 2005
  - 50 manns á stofnfundi
  - Stjórn skipuð fólki úr öllum hverfishlutum
  - **Loft- og hljóðmengun brennur á fólki**
  - Önnur verkefni víða í hverfinu sem taka þarf á

Sameinum Hlíðarnar

ÍBS 3
Íbúasamtök 3. hverfis
Hlíðar, Holt og Norðurmýri



Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

Reykjavík, 13. febrúar 2008
Tilvísun: 2008020088

Niðurstöður mælinga frá Miklubraut sýndu að á þessu tímabili fór styrkur svifryks (PM10) og köfnunarefnisdíoxíðs ($NO_2$) oftar yfir heilsuverndarmörk heldur en í mælistöðinni við gatnamót Miklubrautar og Grensásvegar sem á að sýna mestu mengun í borginni. Styrkur svifryks (PM10) fór t.d. fimm sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörk við Miklubraut sem eru 50 µg/m$^3$ á rúmmetra, en aðeins tvisvar sinnum við Grensásveginn á sama tímabili. Þetta bendir til þess að þörf sé á mótvægisaðgerðum við Miklubraut miðað við þær kröfur sem gerðar eru um loftgæði í dag, en árið 2010 má svifryk (PM10) einungis fara 7 sinnum yfir sólarhringsheilsuverndarmörkin (sjá rg. nr. 251/2002).

# Borgaryfirvöld tilkynna mislæg gatnamót 2006

- Tilkynnt um mislæg gatnamót KriMi strax eftir kosningar 2006
- Forgangsmál nýs meirihluta
- Ekkert samráð við íbúa nærliggjandi hverfa
- Íbúar gera sterkar athugasemdir



### Óánægja íbúa í Hlíðahverfi

ÍBÚASAMTÖK 3. hverfis í Reykjavík, Hlíðahverfis, hafa sent frá sér tilkynningu þar sem fram kemur að 9 af hverjum 10 íbúum hverfisins leggjast nær eindregið gegn fyrirætlunum nýs meirihluta í borginni að reisa mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Stjórn hverfisins hefur einnig ályktað gegn slíkum hraðbrautarmannvirkjum í miðju hverfinu og hafa skorað á yfirvöld að vinna að málinu í samvinnu og samráði við íbúa.

Samtökin leggja jafnframt til sameiningu hverfisins með því að setja Miklubrautina í stokk, og hafi öll framboð lýst yfir stuðningi við slíkar framkvæmdir í aðdraganda kosninga. Nánari upplýsingar eru á vef samtakanna: www.hlidar.com

16. júlí 2006 | Innlendar fréttir | 367 orð

### Mislæg gatnamót undirbúin

UMHVERFISRÁÐ Reykjavíkur hefur samþykkt að hefja skuli undirbúning að gerð mislægra gatnamóta á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi ráðsins með öllum atkvæðum meirihlutans sl. miðvikudag.

## Mislæg gatnamót líklega boðin út fyrir áramót

• INNLENT | 12:45 | 18. JÚNÍ 2006 Líkar þetta 0

Mislæg gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar verða að öllum líkindum boðin út fyrir áramót. Til stendur að leggja báðar brautirnar í stokk og leggja hringtorg ofan á, - í svokallaðri þriggja hæða lausn. Málið eru í algerum forgangi hjá nýjum meirihluta í Reykjavík, segir formaður samgöngu- og umhverfisráðs.
Eitt stærsta ágreiningsefnið í síðustu borgarstjórnarkosningum var hvort reisa ætti mislæg gatnamót á mótum Kringumýrarbrautar og Miklubrautar. Samfylkingin og Vinstri - græn sögðu nei en sjálfstæðismenn og frjálslyndir já. Framsóknarmenn voru á báðum áttum.

# Íbúafundur um loftmengun
# 5. mars 2007

- Þórarinn Gíslason kynnir sláandi niðurstöður úr rannsókn á loftmengun
- Erindi frá:
  - Gísla Marteini Baldurssyni, fo Umhverfisráðs Reykjavíkur
  - Mengunarvörnum Reykjavíkurborgar – Lúðvík Gústafsson
  - Sigurði Þór Sigurðssyni lungnalækni
  - Íbúasamtökum 3. hverfis

DREPUM Á BÍLNUM FYRIR UTAN LEIKSKÓLA
Virkjum okkur!

1. Hvað er hægt að lesa úr mæligögnum og
2. Hvað þarf að gera?

- Mengun í íbúðarhverfum getur verið jafnmikil og þar sem hún er mest við fjölförnustu götur.
- Fjölga þarf mælingum, aðallega svifryk og $NO_2$, í íbúðarhverfum
- Skilvirkar viðvaranir til ákveðinna aldurshópa
- Gera mæligögn aðgengilegri fyrir almenning
- Rykbinda götur og opin svæði
- Takmarka hraða við ákveðnar aðstæður
- Faraldsfræðilegar rannsóknir á áhrifum loftmengandi efna
- Endurskoða heilsuverndarmörk?
- Gera umferð ökutækja umhverfisvænni!

Morgunblaðið
ÞRIÐJUDAGUR 6. MARS 2007



Morgunblaðið/Ómar
**Íbúafundur** Fundurinn í Háteigsskóla í gær á vegum íbúasamtaka 3. hverfis var fjölmennur og vel tekið í hugmyndir um aðgerðir gegn mengun.

## Miklabrautin í stokk á þessu kjörtímabili

### Formaður umhverfisráðs segir áhersluna nú á að auka loftgæði í borginni

Eftir Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

GÍSLI Marteinn Baldursson, form-

draga úr svifryksmengun, m.a. takmarkanir á ökuhraða á stofnæðum.
„Sú lausn sem samtökin hafa verið að kynna gerir ráð fyrir mislæg-

Í HNOTSKURN
» Gísli segir hugmyndir um að byggja íbúða-

vera og er ekki gert ráð fyrir því að þeir nái alla leið frá Snorrabraut í vestri og að Grensásvegi í austri á Miklubraut annars vegar og frá Bú-

## Götum lokað vegna svifryks og útblásturs

Mengun vegna útblásturs og svifryks er meiri á gatnamótum Miklubrautar og Stakkahlíðar en á Grensásvegi. Umhverfisnefnd Reykjavíkur telur þörf á mótvægisaðgerðum. Til dæmis að loka götum.

### Áhrif rykmengunar á heilsu

1. Seinkaður lungnaþroski í börnum
2. Langvinn lungnateppa
   – Rykmengun í umhverfi hefur veruleg áhrif
3. Asthma
   – Loftmengun getur valdið versnun á asthma
4. Lungnakrabbamein
   – Mögulega geta verið tengsl milli svifryksmengunar og lungnakrabba
5. Hjarta- og æðasjúkdómar
   – Ósón tengist hjartasjúkdómum

# Tillögur að gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar kynnt í maí 2007

| Gata | Kafli | Núverandi umferð Talning 2006 | Reiknað 2017 (Án Hlíðarf.) | Reiknað 2017 (M. Hlíðarf.) |
|---|---|---|---|---|
| Miklabraut | Austan Kringlu-mýrarbr. | 47.000 | 50.000 6% | 48.000 2% |
| | Vestan Kringlu-mýrarbr. | 43.000 | 64.000 49% | 56.000 30% |
| Kringlu-mýrar-braut | Sunnan Miklubr. | 40.000 | 55.000 38% | 49.000 23% |
| | Norðan Miklubr. | 33.000 | 50.000 52% | 50.000 52% |








Flytjandi











# Fundur með íbúum 16. apríl 2008

- Viðbrögð við mótmælum við tillögum Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar á gatnamótum Kringumýrarbrautar og Miklubrautar
- „Ásýnd og ímynd Reykjavíkur endurspegli skapandi hugsun íbúa hennar þar sem mannlíf og umhverfi er haft í fyrirrúmi og gott er að búa.“
  - *Reykjavík í mótun - Stefnumótun í átt að sjálfbæru samfélagi í Reykjavík til **2015***
    *Samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 16. maí **2006***



# Samráðsferli tekur við
# – niðurstaða nóvember 2009

- Fulltrúar Umhverfis- og samgönguráðs, Skipulagsráðs, Hverfisráðum Háaleitis- og Hlíða, Íbúasamtökum Hlíða og Háaleitis.
- Samkomulag um að leggja áherslu á Miklubraut í yfirbyggðan stokk frá Snorrabraut og allavega austur fyrir Kringlumýrarbraut
  - Íbúasamtök Háaleitis bókuðu um að stokkur ætti að ná alla leið yfir Grensás.

mbl.is

Forsíða | Viðskipti | Íþróttir | Fólkið | Smartland | Bílar | News in English | Greinar

Innlent | Erlent | Tækni og vísindi | Nýjast | Vinsælast | Fréttaleit | Sjónvarp | Veður

Innlent | mbl | 5.11.2008 | 19:39

## Miklabraut í stokk að hluta



Niðurstaða samráðs um framkvæmdir við Miklubraut - Kringlumýrarbraut er að leggja áherslu á stokk á Miklubraut frá Snorrabraut/Rauðarárstíg austur fyrir gatnamót við Kringlumýrarbraut. „Niðurstaðan þýðir að áratuga deilum um gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar hafi lokið í sátt,“ segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi og formaður samráðshópsins sem hélt sinn lokafund í dag.

Lausnin gerir það mögulegt halda gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar í þeirri hæð sem þau eru nú, í stað þess að hækka þau í tveggja metra hæð. Breytingum á Kringlumýrarbraut er frestað en hana mætti leggja undir gatnamótin í jarðgöng síðar, að því er segir í tilkynningu.

„Við höfum í haust unnið markvisst að því að finna lausn sem bæði meirihluti og minnihluti í borgarstjórn, en þó aðallega íbúarnir á svæðinu, gætu fellt sig við, því allir voru sammála um að núverandi ástand gangi ekki,“ segir Gísli Marteinn.

# Svo líður tíminn ...

- *„HÓPUR íbúa í Hlíðunum **lokaði Miklubraut á móts við Kjarvalsstaði í nokkrar mínútur síðdegis í gær.** Með því vildu þeir vekja athygli á hávaða og svifryksmengun frá götunni, sem verður stöðugt meira vandamál.“*
  - Morgunblaðið 22. október 2009









Morgunblaðið/Golli

## Miklabraut er sem mengandi fljót

Eftir Sigurð Boga Sævarsson
sbs@mbl.is

HÓPUR íbúa í Hlíðunum lokaði Miklubraut á móts við Kjarvalsstaði í nokkrar mínútur síðdegis í gær. Með því vildu þeir vekja athygli á hávaða og svifryksmengun frá götunni, sem verður stöðugt meira vandamál.

„Miklabrautin er sem mengandi stórfljót og við viljum aðgerðir sem bæta þar úr. Fyrsti valkostur þar hlýtur þá að vera að gatan verði lögð í stokk eins og lengi hefur verið í umræðunni,“ segir Steinunn Þórhallsdóttir, ein þeirra sem stóðu að aðgerðum.

Í kjölfar aðgerða á Miklubraut mætti Hlíðafólk á Kjarvalsstaði þar sem haldið var samgönguþing á vegum Reykjavíkurborgar. Þar var fjallað um ýmis þau atriði í samgöngumálum sem bætt geta umhverfið. Veigamikill þáttur þar er að draga úr notkun nagladekkja, enda eru þau helsta orsök svifryksmegnunar í borginni.

„Við verðum að draga úr þessum skemmri ferðum, taka upp vistvænan lífsstíl og sýna samfélagslega ábyrgð. Sjálfri finnst mér raunar til nokkurs vinnandi því Hlíðarnar eru einstaklega þægilegt og fallegt hverfi þaðan sem er stutt til allra átta. Ég vil halda í lífsgæði þessa hverfis,“ segir Steinunn Þórhallsdóttir

# REYKJAVÍK ANDAR

Margrét M. Norðdahl


Við munum öll deyja!
©Utangarðsmenn

# Kraftur einstaklings í samfélagi

-  +  = SAMFÉLAG
-  +  = SAMFÉLAG
-  +  = SAMFÉLAG



# 1. Hlíðar = Önnur hverfi




# 2. Takk

GRÆN SKREF



# Umferðaræðar í Hlíðum



- 200 m versta áhrifasvæðið frá umferðarþyngstu stofnbrautum
- Allir 3 grunn- og barnaskólar og 5 af 7 leikskólum innan þess
- Meirihluti íbúa býr innan 200 m frá braut
- Margt bendir til svipaðrar virkni svifryks

**Íbúar hafa áhyggjur af aukinni umferð vegna uppbyggingar í og við hverfið og kalla eftir úrbótum!**



# LOFTGÆÐI, HEILSA OG HAMINGJA

- **Mengun fjölgar ótímabærum dauðsföllum**
- **Mengun hefur áhrif á lungnaþroska barna sem kemur fram síðar á lífsleiðinni**
- **Mengun eykur líkur á hjartaáföllum**
- **Árlega deyja þrefalt fleiri af völdum mengunar en af völdum umferðarslysa skv. WHO**

**LOFTGÆÐI + HLJÓÐVIST + ÖRYGGI**








**HAFA ÁHRIF Á ANDLEGA OG LÍKAMLEGA HEILSU OKKAR OG HAMINGJU!**

# BREGÐUMST VIÐ



## Aðgerð: REYKJAVÍK ANDAR

- **TÖKUM ÁBYRGÐ** OG BREYTUM VIÐHORFI OKKAR
- **LÆKKUM HÁMARKSHRAÐA**
  - minni loftmengun
  - betri hljóðvist
  - aukið umferðaröryggi
  - jafnara flæði á umferð
- FÆKKUM NAGLADEKKJUM
- **HJÓLUM**-GÖNGUM-TÖKUM STRÆTÓ




- AUKIÐ FJÁRMAGN TIL BORGAR Á SAMGÖNGUÁÆTLUN ALÞINGIS
- **STOKKUR** OG GÖNG
- BREYTTIR **ORKUGJAFAR**
- MENNTUM TIL **SJÁLFBÆRNI**
- GRÓÐURSETJUM OG VERNDUM **GRÆNU SVÆÐIN**

# BREGÐUMST VIÐ

## GÓÐ SAMSKIPTI

- AUKIÐ SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA
- AUKIN MIÐLUN UPPLÝSINGA
- BÆTT AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM
- BETRI HLUSTUN

**Takk fyrir okkur!**





Matjurtagarðar á Klambratúni

©Ljósmyndasafn Reykjavíkur